Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið

MENNTASTEFNA
REYKJAVÍKURBORGAR
TIL 2030

Hlíð

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

1. Efnisyfirlit

1. Efnisyfirlit 2
2. Greinargerð leikskólastjóra 3
3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026 4
4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027 5
5. Starfsþróunarsamtöl 6
6. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans. 6
7. Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva, stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans. 6
8. Foreldrasamstarf 7
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal 7
10. Þróunarverkefni 8
11. Fylgiskjöl 8
11.1 Innra mat 8
11.2 Umbótaáætlun 2026-2027 10
11.3 Umsögn foreldraráðs 12

2. Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn í Hlíð hefur gengið ágætlega þó hafa langvarandi veikindi starfsfólks sett mark sitt á veturinn. Breyting varð á stjórnendateyminu þar sem afleysing kom fyrir starfandi leikskólastjóra, nýr deildarstjóri á yngri deild og við fengum til okkar farteymi sérkennslu til að aðstoða okkur þar sem sérkennslustjóri var ekki starfandi í vetur.

Rakel Ólafsdóttir tók tímabundið við stöðu leikskólastjóra í Hlíð í september 2025, einnig kom Kristín Gunnarsdóttir inn sem aðstoðarleikskólastjóri en við erum stjórnendur í leikskólanum Björtuhlíð.

Starfið í Hlíð gekk að öllu jöfnu vel í vetur. Það kom inn þó nokkuð af nýjum starfsmönnum sem voru fljótir að aðlagast og taka virkan þátt í verkefnum vetrarins.

Skipulagsdagar voru flestir sameiginlegir með Björtuhlíð. Starfsfólk Hlíðar kom á fyrirlestra og námskeið sem haldin voru sameiginlega fyrir báða skólana. Þetta samstarf var jákvætt þar sem tími gafst til að kynnast, læra hvert af öðru og skiptast á skoðunum. Leikskólarnir nýttu einnig tækifærið og voru með sameiginlegan mat í hádeginu á þessum dögum.

Mikil og góð samvinna er á milli deilda í Hlíð. Starfsfólk er duglegt að fara á milli deilda eftir þörfum. Hugsað er í lausnum þegar kemur að því að nýta mannauðinn.

Lausnarteymi í leikskólanum tók til starfa í vetur og hefur það reynst vel. Deildarstjórar og leikskólastjóri hafa borið ábyrgð á fundunum.

Starfsáætlun þessi mun ekki leggja til miklar umbreytingar þar sem nýr leikskólastjóri kemur til starfa í haust og mun hún ásamt starfsfólki Hlíðar móta stefnu leikskólans í sameiningu.

Rakel Ólafsdóttir

Leikskólastjóri Hlíð

3. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

Innra mat

Hvað var metið?	Vettvangsferðir skólahóps
Hvernig fór matið fram?	Einstaklingssamtöl, opnar spurningar
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Börn í elsta hóp leikskólans
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Börnin voru upp til hópa ánægð með ferðir sem farnar voru á skólaárinu. Mest var ánægjan með ferð í Húsdýragarðinn. Haldið verður áfram að leggja áherslu á að fara í ferðir með börnin. Gefa má börnum meira vald með því að leyfa þeim að vera með í ráðum um það hvert verður farið.

Ytra mat

Hvað var metið?	Stofnun ársins
Hvernig fór matið fram?	Stofnun ársins er könnun á meðal starfsfólks um líðan í starfi. Könnunin fór fram á netinu og héldu Gallup utan um svör starfsmanna
Hverjir tóku þátt í matinu? **(starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)**	Allt starfsfólk fékk möguleika á að taka þátt í könnuninni þar sem hún er send á vinnu póstfang allra. Um 86% starfsfólks tók þátt og er það mjög gott þar sem ekki voru mælanlegar tölur úr könnuninni frá því 2024 vegna slakrar þátttöku.
Helstu niðurstöður mats **(styrkleikar og tækifæri til umbóta)**	Helstu niðurstöður eru að starfsandi virðist vera mjög góður, fólki virðist líða vel í vinnunni þó kemur fram að loftgæðin í húsinu eru ekki til fyrirmyndar. Heildarmat könnuninnar hækkar töluvert frá árinu 2023.

4. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Þeir þættir sem eru metnir yfir **allan leikskólann í heild sinni.** Þessir þættir geta verið aðrir eða þeir sömu og eru metnir á deildum. Á deildum erum við að sýna þær leiðir sem hver deild fer miðað við aldur og færni barna.

Umbætur skulu taka mið af menntastefnu Reykjavíkur, skólanámskrá og þróunarverkefni ef leikskólinn er í slíku.

Stjórnun- uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur- innra mat	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lubbi finnur málbein
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að það verði markviss vinna á deildum með Lubba verkefnið
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ætlum að byrja á því að vera með námskeið í haust fyrir allt starfsfólk
Ábyrgð	Stjórnendateymi
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	30.sept með námskeiði og út skólaárið
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Verður metið næsta vor
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Að allt starfsfólk geti tileinkað sér vinnuaðferðir með Lubba og treysti sér í að taka Lubba stundir með hópnum sínum.

5. Starfsþróunarsamtöl

Ekki hafa verið tekin starfsþróunarsamtöl í vor þar sem leikskólastjóri í afleysingum átti bara að vera fram að áramótum. Nú þegar búið er að ráða nýjan leikskólastjóra fyrir haustið gefur það nýjum leikskólastjóra tækifæri til að taka samtalið við sitt fólk um næsta vetur.

6. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans.

Fræðsla sem leikskólinn hefur boðið starfsfólki upp á í vetur var fjölbreytt, en þar má nefna að allt starfsfólk hefur nú tekið skyndihjálparnámskeið Rauða krossins. Haldin var fræðsla um Torgið á skipulagsdegi. Starfsfólk tók BOFS-námskeið á Torginu um kynferðisofbeldi gegn börnum. Nýtt starfsfólk fór á nýliðanámskeið Vesturmiðstöðvar í Borgartúni. Hulda Sólveig var með fræðslu um Bradford-kvarðann og viðverustefnu Reykjavíkur á skipulagsdegi. Netnámskeið um innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna var fyrir allt starfsfólk. Stjórnendur tóku m.a. námskeið í viðverustjórnun. Starfsfólk skólans stefnir á námsferð vorið 2027. Nýliðum verður gert kleift að mæta á nýliðanámskeið á vegum Vesturmiðstöðvar og að taka nýliðanámskeið á Torginu. Yfir veturinn verða reglulega haldnir fyrirlestrar og styttri námskeið á skipulagsdögum. Gott samtal er milli starfsfólks og stjórnenda um hvaða námskeið henta hverju sinni. Deildastjórar hvetja starfsfólk sitt til að taka námskeið á Torginu sem nýtast í starfinu.

7. Sérstakar áherslur í samstarfi leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva, stutt um hvernig samstarfi er háttað annars vísað í skólanámskrá leikskólans.

Markmið með samstarfi	Skipulag samstarfs
Samvinna leikskóla og grunnskóla snýst fyrst og fremst um að tryggja **samfellu í námi**, **gæða aðlögun barna**, **miðlun þekkingar** og upplýsinga og **velferð barnanna** í skiptum milli skólastiga. Löggjöfin á Íslandi kveður skýrt á um þessa skyldu sveitarfélaga og þann ávinning sem hlýst af vel skipulögðu samstarfi.	• Elsti árgangur barna í Hlíð heimsækir Hlíðaskóla og tekur þátt í kennslustund og nestistíma í 1. bekk. • Börn í elsta árgangi í Hlíð fá skoðunarferð um Hlíðaskóla. • Elstu börnum í Hlið er boðið á leikssýningu í Hlíðaskóla. • Elstu börnin heimsækja frístundamiðstöð Hlíðaskóla tvisvar á vormánuðum.

	Í maí, ár hvert funda deildastjóri elstu barna leikskólans og sérkennslustjóri með kennurum og sérkennslustjóra væntanlegra nemenda, þar sem afhentar eru upplýsingar um nemendur til grunnskóla. Upplýsingar frá leikskólanum eru m.a. niðurstöður úr Hljóm-2 og greiningar sem kunna að liggja fyrir.

8. Foreldrasamstarf

Sérstakar áherslur í foreldrasamstarfi á komandi ári.

Ekki var kosið í foreldraráð haustið 2025.
Foreldrafundir voru ekki haldnir á skólaárinu.
Foreldraviðtöl voru að hausti og vori.
Foreldrafélag var ekki virkt.

9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Starfsdagar skólaárið 2026-2027 eru:

- 24. ágúst 2026
- 30. september 2026 (sameiginlegur með grunnskóla)
- 27. nóvember
- 4. janúar 2027
- 5. febrúar 2027 (sameiginlegur með grunnskóla)
- 27. apríl 2027 (sameiginlegur með grunnskóla)



Dagatalið mun vera aðgengilegt á heimasvæði leikskólans [Hlíð | Reykjavik]

10. Þróunarverkefni

Ekki er verið að vinna að þróunarverkefni í leikskólanum.

11. Fylgiskjöl

11.1 Innra mat

Keilir

Styrkleikar
Þrátt fyrir töluverðar starfsmannabreytingar á deildinni og áskoranir vegna ólíkra þarfa barnanna, höfum við náð að búa til heimilislegt og öruggt umhverfi fyrir börnin og þar sem traust ríkir. Við reynum að vera í gleði og hver starfsmaður tekur þátt og ábyrgð og allir vita hverju þarf að sinna. Það hefur kennt okkur mikið að vera með mjög ólíka

einstaklinga með mjög ólíkar þarfir. Þetta hefur verið vetur þar sem allir hafa þurft að vera meðvitaðir um að mæta hverju barni á einstaklingsmiðaðan hátt.

Tækifæri
Vegna þess hve mikið kom og fór af starfsfólki og börnum á deildinni þetta skólaárið óskum við þess að geta byggt á stöðuleika næsta skólaár. Mikill tími og orka fór í aðlögun barna og starfsfólks, að takast á við stórar tilfinningar í barnahópnum og sinna grunnþörfum. Það var töluverð þörf fyrir aðstoð sérkennslustjóra inn í barnahópinn en enginn slíkur var í húsinu stóran part skólaársins. Það verður spennandi að þróa faglegt starf með áhugasömu starfsfólki sem ætlar sér að vera áfram á deildinni og með nýjum leikskólastjóra. Og gott fyrir börnin á komandi vetri að vera að mestu jafnaldrar. Við höldum áfram að byggja á gleði, leik, góðum og traustum samskiptum og við búum að þeirri reynslu sem við höfum öðlast í gegnum vinnuna með hópinn sem er að fara frá okkur.

Baula

Styrkleikar
Þétt og gott samstarf starfsmanna hefur leitt til framfara sem sóst var eftir varðandi félagslega stöðu barna, sjálfstraust þeirra og gleði. Söngur og gleði voru ríkjandi og lögð vara áhersla á fjölbreytta tónlist með tilliti til lagavals og framsetningar sérstaklega. hópur elstu barna tók þátt í stóru söngverkefni Barnamenningarhátíðar og átti í aðdragandanum gott samstarf við aðra leikskóla í hverfinu. Mikil útivera og góð þátttaka barna og fullorðinna var áberandi og útiveran varð vinsælli af frumkvæði barnanna sjálfra.

Tækifæri
Helstu áskoranir vetrarins var skortur á sérkennslu, þar sem enginn sérkennslustjóri hefur verið í húsinu í vetur. Áskoranir komandi vetrar verða breytt aldursbil barnahóps og

skipting húsnæðis með það í huga. Stefnan er sett á söng, gleði og samheldni en með tilkomu nýs leikskólastjóra verður hvetjandi og áhugavert að vinna að tímabærri stefnumótun Hlíðar.

11.2 Umbótaáætlun 2026-2027

Keilir og Baula/1-6 ára börn	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Á næsta skólaári bíða okkar áskoranir vegna þess hve árgangarnir eru mis stórir. Vegna tveggja deilda skiptingar þá verður aldursmunur barna á eldri deild umtalsverður.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að allur barnahópurinn fái tíma og rými til að njóta sín þrátt fyrir mikinn aldursmun.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Breyting á innra rými og hvernig það er nýtt með með tilliti til aldursmunar og mismunandi þarfa. Mikil samvinna milli deilda.
Ábyrgð	Deildastjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Hefst í september og lýkur í maí.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Metið með umræðum á deildafundum og deildastjórafundum. Rætt verður við börnin.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Öll börn á deildinni fá verkefni við hæfi, ná að tengjast leikfélögum og eru virkir þátttakendur á deildinni.

F. h. leikskólans Hlíðar

Rakel Ólafsdóttir 29.júní 2026

_____

Leikskólastjóri Dagsetning

11.3 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027
Nafn leikskóla

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

XXXXX XXXXX
XXXXX XXXXXXX
XXXXX XXXXXX

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júní. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.


LÁTUM
DRAUMANA
RÆTAST